

Leikskólinn Sjáland

BLÆR – VINÁTTA

Innleiðing og vinna með vináttuverkefnið Blær í leikskólanum Sjáland.

Anna Rannveig Aradóttir
8-29-2023

Bakgrunnur

Barnaheill – Save the Children á Íslandi framleiddi efnið og gaf út með góðfúslegu leyfi og í samstarfi við Red barnet- Save the Children og Mary Fonden í Danmörku, sem bæði þróuðu efnið og gáfu fyrst út árið 2007.

Barnaheill og Red barnet eru hluti af hluti af Save the Children international og eru frjáls félagasamtök (NGO). Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós í öllu starfi en hann er hluti af regnhlífinni okkar

Markmið Mary Fonden er að vinna að verkefnum sem fyrirbyggja félagslega einangrun, hjálpa þeim sem eru félagslega einangraðir, að hvetja til skilnings á gildi fjölbreytileikans og skapa von.”

Byggt á áströlsku efni; Better Buddies fyrir börn 1- 8 ára í leikskóla og grunnskóla. Það eru þrenns konar töskur með efni fyrir mismunandi aldur. Við eigum töskur fyrir 0-3ja ára og fyrir 3ja-5 ára.

Markmið Vináttu er:

- að koma í veg fyrir og minnka einelti í leikskólum og skólum að starf skólanna.
- að áætlanir og viðhorf tryggi börnum umhverfi þar sem einelti nær ekki að þrífast.
- að þróa nýjar aðferðir og verkfæri til forvarna fyrir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.
- að stuðla að rannsóknum.



Gildi verkefnisins

Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða mismunandi háttarni annarra.

Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Blær í Leikskólanum Sjálandi

Verkefnið hófst í febrúar 2017 en þá komu bangsarnir til okkar með viðhöfn og var það Maggi Molta sem tók á móti þeim.

Börnin fengu að sjá bréf sem Blær sendi Magga Molta

Kæri vinur Maggi Molta

Ég er búin að hugsa svo mikið um þig kæri vinur minn og mikið er langt síðan við hittumst.

Nú er ég búin að eiga heima í Ástralíu í fimmtán ár og eignast margar góða vini þar. En nú langar mig að flytja til Íslands og búa þar í Leikskólanum Sjálandi. Því þú varst búin að segja mér að það væri svo gaman þar og margir duglegir krakkar sem gætu verið vinir mínir.

Skipið sem ég fer með til Ástralíu ásamt vinum mínum er um það bil 50 dagar á leiðinni þannig að við verðum í Sjálandi 13. Febrúar 2017 klukkan 10:00.

Þakka svo mikið til að sjá þig og alla vini þína í Leikskólanum Sjálandi

Með bestu vinakveðju

Blær kom á bát til okkar á ströndina og gaf okkur litla Blæ bangsa fyrir hvert barn til að eiga í leikskólanum.



Vínátta – Leikskólinn Sjáland

Skipulag

Hvert barn fær bangsa merktan sér við upphaf leikskólagöngu. Bangsinn er geymdur í körfunni þeirra eða á stað sem þau hafa aðgang að. Börnin fá að knúsa Blæ þegar þau þurfa, t.d. er gott að fá kælipoka og knús frá Blæ við meiðsl.

Efnið um Blæ, verkefni, spjöldin og bækurnar er nýtt í hópatíma og samverustundir einnig er tónlist sem fylrgir verkefninu aðgengileg á Spotify undir Vínátta – Gott er að eiga vin.

Áætlun til stuðnings

	Bleikikjarni	Græni-/Gulikjarni	Rauði/Bláikjarni	Fjólubláikjarni
Vinanudd	X	X	X	X
Tónlistarhefti/diskur	X	X	X	X
Bangsinn hennar Birnu		X	X	X
Spjöld ath plan			X	X

Vínátta-Gott er að eiga vin, ýtarefni fyrir börn yngri en þriggja ára

Verkefni 1

Sestu hjá mér: Góð byrjun á Blæ stund

Efniviður: Lítil Blær bangsi merktur hverju barni

Lag: Spotify, Vínátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Sestu hjá mér

Börnum gefin fyrirmæli um að setjast á pláss og aðstoðuð ef þarf. Börnum gefinn litli Blær bangsinn sinn og þau hvött til að knúsa hann.

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind.

Verkefni 2

Boltaleikur

Efniviður: bolti fyrir hvert barn sem er mjúkur en auðvelt er að rúlla og láta skoppa

Lag: Spotify, Vínátta-Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Boltaleikur

Gefa hverju barni einn bolta og setjast í hring. Spila lag, velta boltanum á milli prófa að láta hann skoppa.

Kasta boltanum á milli. Kennarinn kastar einum bolta og börnin ýmist reyna að grípa eða halda á sínum bolta.

Standa upp og dilla sér og dansa svo endurtaka.

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind

Hentar fyrir eldri börn: Fyrir eldri börn er hægt að hafa einn bolta fyrir allan hópinn og þau rúlla og skoppa boltanum bara eitt í einu það ýtir undir samleik.

Verkefni 3

Lítill snigill

Efniviður: grjónapokar úr íþróttakjarna.

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Lítill snigill.

Kennari sínir börnum hvernig á að skríða á fjórum fótum. Þegar börnin eru byrjuð að skríða setur kennari grjónapoka á bakið og börn og kennari skríða um á meðan lagið spilar. Kennari sest svo upp og sínir börnunum hvernig grjónapokinn dettur á gólfið og aðstoðar börnin við að gera það sama.

Greindir: tónlistargreind, sjálfspekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind.

Verkefni 4

Bangsi minn

Efniviður: Stóri Blær

Lag: Spottify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Bangsi minn.

Börnum gefin fyrirsmáli um að setjast á pláss og aðstoðuð ef þarf. Blær bangsi látin ganga á milli og gefa knús á meðan lagið er spilað.

Greindir: tónlistargreind, sjálfspekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind.

Verkefni 5

Lína línudansmær

Efniviður: annaðhvort jafnvægisslá, jafnvægispúði eða snjallkubbar frammi í sal.

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Lína línudansmær.

Fundinn er til jafnsvægissláin eða jafnvægispúðinn í íþróttakjarna eða snjallkubbum raðað í braut frammi í sal.

Börnunum eru gefin fyrirsmáli um að fara í röð eða þeim leyft að leika frjálst eftir getu. Lagið er spilað og kennari vekur athygli á textanum með því að syngja með. Kennari velur síðan eitt barn og tekur í höndina á því. Barninu er hjálpað upp á jafnvægisslána, púðann eða snjallkubbana. Kennarinn breytir texta lagsins og aðlagar það að barninu sem er verið að leiða t.d. Lína línudansmær eða Friðrik línudansari.

Barnið fær að labba út á enda brautarinnar og aftur til baka. Svo er komið að næsta barni.

Greindir: tónlistargreind, sjálfspekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind.

Hentar fyrir eldri börn: Þá þarf ekki að halda í höndina á þeim eða leyfa þeim að leiða vin

Verkefni 6

Sofðu Blær mitt bangsaskinn. Blær svæfður. Gott til að skapa ró fyrir matartíma eða valfund.

Efniviður: Litli Blær bangsi merktur hverju barni

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Sofðu Blær mitt bangsaskinn

Börnum eru gefin fyrirsmáli um að setjast á pláss og aðstoðuð ef þarf. Börnin fá afhentann sinn Blær bangsa. Lagið er spilað og börnin eru hvött til að rugga Blæ og strjúka til að svæfa hann.

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind.

Upphitunaræfingar fyrir nudd

Baunapokanudd

Efniviður: baunapokar

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Hádegisverður í skóginum

Börn leggjast á magann á dýnu eða teppi og kennari gengur á milli og leggur grjónapoka á mismunandi staði á líkama barnsins og nefnir þann líkamshluta í leiðinni.

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind

Hentar fyrir eldri börn: Þá er hægt að leyfa þeim að gera við vin

Handklæðanudd

Efniviður: handklæði

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára. Morgunn við hafið

Börn liggja á bakinu á teppinu eða á dýnum, kennari spilar lagið og gengur á milli og sveiflar handklæði yfir barninu

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind

Hentar fyrir eldri börn: Þá er hægt að leyfa þeim að gera við vin

Boltanudd

Efniviður: lítill bolti

Lag: Spotify, Vinátta- Gott er að eiga vin. Fyrir börn yngri en þriggja ára: Stjörnubjart kvöld

Börnunum gefir fyrirmæli um að leggjast á teppið eða dýnu. Kennari gengur á milli og nudda barnið með bolta.

Greindir: tónlistargreind, sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind

Hentar fyrir eldri börn: Þá er hægt að leyfa þeim að gera við vin

Hamborgaranudd

Börnin sitja á plássi eða í litlum hring með kennara enginn efniviður engin tónlist

Munnleg fyrirmæli kennara: „Nú ætlum við að búa til hamborgara. Fyrst hitum við brauðið“: strjúka fótleggi og læri upp og niður. „nú mökum við sósunni á“ strjúka fingrum yfir fótleggi og læri. „Setjum kálið á“ pota með fingrunum í fætur og læri. „Setjum tómatsneiðar á“ teiknað hringi með tveim fingrum. „Leggjum kjötið á“ þrýsta með flötum lófa. „leggjum brauðið yfir“ leggjast ofan á fæturna eins langt og maður kemst og faðma fótleggina.

Greindir: sjálfsþekkingargreind, samfélags- og félagsfærnigreind, líkams- og hreyfigreind, málgreind

Hentar fyrir eldri börn: Þá er hægt að leyfa þeim að stýra og gera það sem þeim dettur í hug.